



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 176/162
komudagur 20.11.2008

Reykjavík 19. nóvember 2008

Slysavarnafélagið Landsbjörg
Skógarhlíð 14
105 Reykjavík

Umsögn þingsályktunartillögu þskj. 27.

Slysavarnafélagið Landsbjörg gerir ekki athugasemdir við umrædda þingsályktunartillögu en vill undirstrika eftirfarandi.

Útköll björgunarskipa félagsins árið 2007 voru 103. Er þá aðeins átt við um útköll þar sem opinberir aðilar, s.s. Landhelgisgæsla Íslands, óska eftir aðstoð björgunarskipa vegna hættu eða óvissuástands á sjó. Mörg dæmi eru um að björgunarskipin hafi með aðgerðum sínum bjargað mannlífum og komið í veg fyrir kostnað og mengun sem sjóskaðar geta valdið. Að auki er fjöldanum öllum af ýmisskonar aðstoðarbeiðnum sinnt, þar sem ekki er talin vera vá fyrir hendi sem og æfingum, m.a. með þylum Landhelgisgæslunnar. Árið 2005 skipaði stjórn félagsins faghóp til að yfir staðsetningar björgunarskipanna og tillögur um úrbætur ef einhverjar væru. Faghópurinn skilaði af sér skýrslu í maí 2006. Í skýrslunni kom fram að staðsetning björgunarskipanna væri góð og ekki væri ástæða til neinna breytinga hvað það varðar.

Nú er svo komið að elstu björgunarskipin þurfa í nauðsynlega yfirhalningu á næstu mánuðum. Björgunarskipið Björg á Rifi er eitt þeirra. Frá því að skipið var keypt til landsins 2002 hefur það farið hátt í 70 björgunarleiðangra og eftirgrennslanir, þar af 15 á síðasta ári. Vélbúnaður skipsins er orðinn gamall og slitinn og varla til neinna stórræða á þeim mikilvæga stað sem það er staðsett á. Eins og segir í þingsályktunartillögunni er skrokkur og yfirbygging skipanna í mjög góðu ásigkomulagi og því er talið hagstæðast að skipta út vél- og gírbúnaði ásamt því að endurnýja siglingatækjabúnað. Ljóst er að nýsmíði myndi kosta nálægt 200 milljónum og ekki er fyrirsjáanlegt að önnur skip komi til með að bjóðast félaginu í náinni framtíð.


Öll björgunarskip félagsins, nema skipið sem staðsett er í Vestmannaeyjum, hafa verið keypt notuð frá Konunglega breska sjóbjörgunarfélaginu, RNLI, og eru af svokallaðri ARUN gerð. Skipin þykja afar góð og hagkvæm í rekstri. Það er mikil hagræðing fólgin í því að skipin séu öll sömu gerðar sérstaklega með tilliti til þjálfunarmála. Áhafnir björgunarskipa félagsins eru sjálfbóðaliðar sem tilbúnir eru til aðgerða allt árið um kring ef þörf krefur. Að auki verja þeir miklum tíma til æfinga og viðhalds á skipunum. Á nokkrum stöðum eru umsjónarmenn í hlutastarfi sem fylgjast með því að björgunarskipin séu klár til aðgerða og sjá um minniháttar viðgerðir. Mörg fyrirtæki og einstaklingar í landinu hafa einnig lagt sitt af mörkum til reksturs björgunarskipanna með ýmisskonar styrkjum og



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

afsláttum á vörum og þjónustu. Með samstilltu átaki hefur Slysavarnafélaginu Landsbjörg og velunnurum þess tekist að halda skipunum í rekstri á eins hagkæmann hátt og hægt er, sjófarendum við strendur landsins til mikils öryggis.

Virðingarfyllt,



Kristinn Ólafsson framkvæmdarstjóri,
Slysavarnafélagsins Landsbjargar